



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

STJÓRNARMYNDUNARVIÐRÆÐUR

Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins og Katrín Jakobsdóttir formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa tjáð forseta Íslands að samkomulag hafi náðst um að kannaður verði möguleiki á samstarfi þessara flokka í ríkisstjórn. Fari svo að sátt náist um þá niðurstöðu verður í beinu framhaldi leitað viðræðna við aðra stjórnmalaflokka um aðild að þeirri stjórn.

Forseti fylgist náið með þróun þessara viðræðna og væntir þess að komist verði að niðurstöðu um myndun nýrrar ríkisstjórnar innan skamms.

29. nóvember 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).